

237. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Skv. dagskrá fundar		
Fundardagur:	22.05.2014	Fundartími:	17.00 – 19.00
Fundarstaður:	Lagnatækni, Hamraborg 12	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Sveinn Áki Sverrisson (SÁS), Kristján Ottósson (KO), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS) og Jón Guðmundsson (JG)		
Forföll:	Helgi Pétursson (HP), Guðmundur Páll Ólafsson (GPÓ), Birgir Hólm (BH) og Gunnar Sigurðsson (GS).		

1. Fundur settur.
2. Myndataka af stjórn. Myndatöku frestað þar sem mæting var dræm.
3. Fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir við síðustu fundargerð.
4. Lagnakerfamiðstöð Íslands. Nú liggur fyrir að Iðan ætlar að taka við tæknibúnaðinum innan úr Lagnakerfamiðstöðinni, en takmörkuð þekking er til staðar innan Iðunnar á þessum kerfum. KO lagði fram að stjórnin myndi öll mæta á fund með fulltrúum Iðunnar til að styðja við bakið á þeim og ræða framhaldið. Rætt var um bréf sem KO og SÁS eru búnir að vera að semja gagnvart Tækniskólanum í tengslum við húsið sjálft. KO spyr hvort vekja þurfi athygli fleiri félaga (í raf-, pípu- og blikkiðnaði) á því að Iðan er nú að fara koma sér upp kennsluáðstöðu með það fyrir augum að þau geti stutt við bakið á þeim og haft að sama skapi ávinning á þessari aðstöðu. Mörg af félögunum eru komin undir SI og hefur Lagnafélaginu gengið erfiðlega að mæta skilningi þaðan. KO mun ræða við sviðsstjóra bygg og málm Iðunar um fund og lætur stjórnarmenn vita.
5. Lofsvert lagnaverk. Verið er að skoða tvö verk sem koma til greina. Bátasmíðastöð í Kópavogi og viðbygging Lýsis í Reykjavík.
6. Ráðstefnan 20.11.2013. Lagnafréttir 42 er komin á Heimasíðuna og hefur verið send út á netinu. Hún fjallar um ráðstefnuna.
7. Framundan. Rætt var um framtíð Lagnafélagsins og hvert það stefnir og hverjum það þjónar. SÁS myndi vilja sjá fagaðila tengda faginu tjá sig um það. Hugsanlega þyrfti að fara í stefnumótunarvinnu og rætt var um að koma fagráðunum inn í þá vinnu. Fagráðin eru þó mis virk og því þyrfti hugsanlega að leita út fyrir þann hóp. JG ræddi um fyrirhugaða ráðstefnu í byggingariðnaðinum í haust sem verið er að undirbúa. Stefnt er að því að hafa aðila úr öllum fögum iðnaðarins og telur JG ástæðu fyrir Lagnafélagið að koma að þessu þannig að lagnamenn komi til með að vera þarna. JG stefnir á að kynna þetta frekar fyrir stjórnarmönnum á næsta fundi.
8. Önnur mál. Rætt lítillaga um staðal ÍST EN 12599 um úttektir og frágang loftræsikerfa. KO stefnir að útgáfu fréttabréfs í ágúst.

Boðað verður til næsta stjórnarfundar síðar.